

## REGLUGERÐ

### um (16.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Við III. viðauka reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9.a.III	Allt að 0,7% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í vinnsluvökva í lokaðri hringrás kolstáls í gasisogsvarmadælum til rýmis- og vatnshitunar	Gildir um 1. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2026.
---------	--	--

#### 2. gr.

Við IV. viðauka reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

49	Kvikasilfur í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við hitastig yfir 300°C og þrýsting yfir 1.000 börum	Gildir um 9. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2025
----	---	---

#### 3. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

- Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/171 frá 28. október 2022 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í gasisogsvarmadælum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2023 frá 13. júní 2023. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63 frá 7. september 2023, bls. 109-112.
- Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1437 frá 4. maí 2023 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við tiltekin skilyrði, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölulið 12q, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2023, þann 27. október 2023. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 83 frá 16. nóvember 2023, bls. 447-449.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 23. nóvember 2023.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*